

Å R S S KÝR S L A

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1963

Å R S S K Y R S L A

KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1963

1. fundur stjórnar K.K.I. var haldinn 2. des 1962 og skipti þá stjórnin með sér verkum: Formaður Bogi Þorsteinsson, varaformaður Ásgeir Guðmundsson, gjaldkeri Einar Ólafsson, ritari Gunnar Petersen, bréfritari Magnús Björnsson, form. útbr. nefndar Halldór Sigurðsson og form. laganeftndar Einar Bollason.

Stjórnin hefir haldið 26 bókaða fundi á starfsárinu, auk funda með blaðamönnum og körfuknattléiksmönnum.

Fjöldi málæfna hefir verið ræddur á fundum þessum, en þróngur fjárhagur hefir þó dregið mjög úr öllum framkvæmdum. Vonir standa þó til að úr þessu rætist að nekkru, ef íslík tekst að fá aukin fjárhæfni til rekstrar sérsambandanna.

Stjórnarstörf.

Körfuknattléiksreglurnar, sem verið höfðu endurskoðaðar af þeim Helga V. Jónssyni og Boga Þorsteinssyni, komu út skömmu eftir áramót á vegum Búkaútgáfuneindar íslík. Til þess að tryggja þessa tilgáfu, sem var orðin mjög aðkallandi, þurfti KKÍ að leggja í talsverðu fjárfestingu og kaupa meginhluta upplagsins.

Jafnframt leikreglunum var gefin út: Reglugerð um Körfuknattléiksmót. Í þessari reglugerð eru ýms nýmæli, svo sem ákvæði um breytt kepñnistímabil og ný aldursflokkaskipting.

Ennfremur eru í reglugerðinni ákvæði um tvöfaldaumferð í I. deild, þ.e. núverandi meistaraflokki Íslandsmótsins og ákvæði er heimila deildaskiptingu ef pátttaka leyfir.

Tæknumerkir KKÍ.

Reglur um tæknumerkir og kantþræutir KKÍ var gefið út um leið og leikreglurnar. Er það von stjórnarinnar að sem flest félög og skólar láti unglings, sem æfa körfuknattléikh á vegum þeirra, glima við knattþrautirnar.

Tilgangur knattprautanna er að auka getu í knattmeðferð og tæknileiðir. Þeirra er æfa undir prófin. Efingarnar eru miðaðar við, að auka fjaður, magn, kraft, nákvæmni og mykt.

Tæknimerkið sjálft er í fjórum stigum, þ.e. járn, brons, silfur og gull. Merkin voru gerð í Danmörku og eru hin eigulegustu. KKÍ varð að leggja út um níu þúsund krónur við kaup á merkjunum, en það er fjárfesting, sem áreiðanlega á eftir að borga sig, ef hægt er að vekja almennann áhuga fyrir knattþráutunum.

Dómaranámskeið.

Mikill hörgull hefir verið á körfuknattleiksdómurum á undanförmálu árum. Til þess að reyna að bæta úr þessu ástandi gekkst Dómaranefnd KKÍ fyrir námskeiði í janúar s.l. Þátttakendur á námskeiðinu voru 18, en kennari var Guðjón Magnússon. Hinir nýútskrifuðu dómarar fengu prófleiki á Íslandsmótinu og fyrstu dómaraskírteini KKÍ voru afhent síðar á þessu ári.

Stofnun félags körfuknattleiksdómara er í undirbúningi, þegar þessi skýrsla er rituð. Væntanlega munu mörg vandamál leysast eftir að slíkt félag hefir tekið til starfa. Góðir dómarar eru ein af undirstöðunum fyrir góðum körfuknattleik, og þjálfun og menntun dómara er best tryggð með kraftmiklu og vel starfandi dómarafélagi.

I dómara- og laganeftir KKÍ áttu sæti: Einar Bollason form., Þorsteinn Hallgrímsson og Helgi Jóhannsson.

Þjálfunarmál.

A síðastliðnum vetri var sent umburðarbréf til allra sambandsaðila þar sem boðin var aðstoð KKÍ til að halda körfuknattleiksnámskeið í júní og september. Engar óskir bárust til stjórnarinnar um slíka aðstoð. Virðast sambandsaðilar almennt ekki gera sér grein fyrir, að körfuknattleik er hægt að æfa úti, ekki síður en knattspyrnu eða handknattleik. Lítið verk er að koma upp útivelli, en þó er æskilegt, að slíkur völlur sé á skjólgóðum stað.

Nágrannapjóðir okkar æfa körfuknattleik úti allt árið, okkur ætti því að vera vorkunnarlaust að æfa körfuknattleik úti yfir sumar mánuðina.

Telja má öruggt, að á þessu ári fáist aukinn styrkur frá ÍSÍ til útbreiðslu og þjálfunarstarfa. Mikill skortur er á góðum körfuknattleikspjálfurum í landinu. Það er því höfuðnauðsyn að halda námskeið

fyrir körfuknattleiksþjálfara, jafnt áhugapjálfara, sem íþróttakennara þessum málum verður þó aldrei komið í rétt horf, nema að sambandsaðilarnir sjálfir, sýni áhuga og dugnað.

A þingi Körfuknattleiksþjálfara, sem stofnað var í Stokkhólmí haustið 1962, var samþykkt tillaga frá fulltrúa KKÍ, þar sem hvert hinna norrænu körfuknattleikssambanda skuldbinda sig til að veita einum nemanda frá hvoru landi, ókeypis dvöl á þjálfara og dómara námskeiðum sínum. Síðastliðið sumar auglýsti KKÍ þjálfara og dómara-námskeið, sem haldin voru í Finnlandi, Svíþjöld og Danmörku, en engar þáttökubeiðnir bárust til sambandsins.

Fjármál.

Fjármálin eru erfiðasta viðfangsefni stjórnarinnar. Á síðasti- liðnu ári var efnt til happdrættis og var ætlunin að það mundi duga til að rétta við hallann sem var á rekstri sambandsins árið 1961-1962, en hann nam rúmlega 136 þúsund krónum.

Sala happdrættismiðanna gekk mjög treglega og verður því miður að viðurkenna, að sum þeirra félaga er æfa körfuknattleik að stað- aldri, brugðust sambandinu algjörlega í þessu máli.

Pegar dráttur átti að fara fram 24. des. s.l., hafði salan rétt nægt fyrir vinningnum og varð það KKÍ hreinlega til lífs að vinningur- inn féll á óseldan miða. Þrátt fyrir þetta happ, þá skuldar KKÍ ennþá all-háa upphæð og hefir núverandi stjórn ekki tekist að losna undan þeim skuldbagga, þrátt fyrir góðan vilja.

Fjároflunarmöguleikar körfuknattleikssambandsins eru mjög tak- markaðir. Útilókað er að leggja út í nokkur fjároflunarfyrtæki, sem hafa áhættu í för með sér. Stjórnin ákvað því á s.l. sumri, að reyna að afla styrktarfélaga og let prenta sérstök skírteini er afhendist, sem kvittun fyrir þeirri upphæð, er stuðningsmenn sambandsins láta af hendi rakna. Söfnun styrktarfélaga er ennþá á byrjunarstigi og skorar stjórnin á alla velunnara körfuknattleiksíþróttarinnar að koma KKÍ til liðsinnis við söfnun styrktarfélaga.

Jón Otti Ólafsson prentari og körfuknattleiksmaður gaf KKÍ efni og prentun á skírteinunum og færir stjórn KKÍ honum þakkir fyrir.

Keppnisskírteini.

Í samræmi við samþykkt síðasta sambandsþings, þá var nú í fyrsta skipti krafist sérstakra keppnisskírteina af keppendum í meistara-

fyrsta- og öðrum flokki á Íslandsmótinu

Fyrirkomulag þetta mætti nokkurri andúð fyrst í stað, enda ekki við öðru að búast, þar sem hér var um algjört nýmæli að ræða. Hins vegar tókst nú í fyrsta skipti að framfylgja ákvæðum um lækniskoðun íþróttamanna og afla nokkurra tekna í léttan sjóð sambandsins.

Keppnisskírteini, sem þessi, eru notuð í flestum löndum þar sem körfuknattleikur er stundaður. Er þeirra yfirleitt krafist af öllum keppendum í opinberum mótum, en hér var þessi fyrsta tilraun aðeins látin ná til Íslandsmótsins.

Fjárlunarleikir.

Þann 21. janúar s.l. gekkst KKÍ fyrir hraðmóti, sem haldið var að Hálogalandi. Mótið fór hið besta fram og varð lið Körfuknattleiks-félags Reykjavíkur sigurvegari.

Annar fjárlunarleikur var háður að Hálogalandi hinn 24. okt s.l. og lék þar úrvalslið KKRR gegn All Stars af Keflavíkurflugvelli. Úrval KKRR sigraði í skemmtilegum leik með 71:62

Unglingalandslið.

Stjórn KKÍ samþykkti á s.l. vetri að senda unglingslandslið til keppni í undanrás Evrópumeistarakeppni unglingslandsliða.

Undirbúningi þessarar keppni hefir verið lýst í síðasta tölublaði Íþróttablaðsins og frásögn af utanförinni eftir einn leikmanni, Gunnar Gunnarsson, fylgir þessari skýrslu. Hér skal því farið fljótt yfir sögu.

Stjórn KKÍ samþykkti f des. s.l. að velja lið til þátttöku í keppni þessari. Í nefnd til að velja liðið voru skipaðir þeir Einar Ólafsson ÍR, Halldór Sigurðsson KR og Davíð Helgason Ármanni.

Nefndin valdi 12 pilta, en það voru þessir: Gunnar Gunnarsson, Þorsteinn Ólafsson, Kolbeinn Pálsson, Hjörtur Hansson, Kristján Steinsson og Kristinn Stefánsson allir úr K.R. Sigurður Ingólfsson úr Ármanni og Tómas Zoëga, Viðar Ólafsson, Anton Bjarnason, Agnar Friðriksson og Donald Rader allir frá I.R.

Piltarnir æfðu undir handleiðslu Helga Jóhannssonar, fyrst í æfingartínum félaganna, en síðan í Íþróttahúsi Vals að Hlíðarenda. Vill stjórn KKÍ pakka húsnefnd Vals fyrir frábæra fyrirgreiðslu og lipurð í sambandi við æfingarnar.

Formaður KKÍ hélt fund með piltunum áður en æfingar hófust og

gengust þeir undir að afla sjálfir fé til fararinnar, KKÍ veitti hverjum pilti leyfi til að afla auglýsinga í leikskrá fyrir tvö þúsund krónur, en annan kostnað urðu þeir að bera sjálfir.

Prátt fyrir þetta varð KKÍ fyrir ýmsum útgjöldum í sambandi við unglingslandsliðið. Kaupa þurfti búninga á liðið, taka húsnæði á leigu fyrir æfingar og svo framv. Þó mun óhætt að fullyrða, að því fé hafi verið vel varið, því langt mun vera síðan íslenzkur íþróttaflokkur hefir vakið jafn almenna athygli og þessir piltar, með hinni ágætu frammistöðu sinni á körfuknattleiksmótinu í París.

Unglingslandsliðið stundaði æfingar af ástundun og dugnaði allt síðastliðið sumar og skapaði fordæmi, sem aðrir körfuknattleiksmenn ættu að taka sér til fyrirmynðar.

Piltarnir leystu allir af hendi þrautir þær er leysa þarf, til að öðlast íþróttamerki ÍSÍ. Fengu þeir merkin afhent á íþróttavellinum í Laugardalnum þann 17. júní. Merkin afhentu Gísli Halldórsson forseti ÍSÍ og Jens Guðbjörnsson form. Íþróttamerkjaneftnar. Urðu landsliðspiltarnir fyrstir til að öðlast þetta merki og vakti það verðskuldaða athygli.

Helgi Jóhannsson landsliðspjálfari á sérstakar pakkir skilið fyrir ósérhlífni og dugnað við æfingar unglingslandsliðsins. Kom í ljós á mótinu í París að hann hafði unnið verk sitt vel og að tæknilega séð var liðið í fyrsta flokki.

Búningar liðsins voru íslenzk framleiðsla, saumaðir í Sportver í Reykjavík. Vöktu búningarnir talsverða athygli, bæði fyrir að vera smekklegustu búningar á mótinu og einnig fyrir vandaðan frágang.

Skömmu eftir heimkomuna léku piltar úr unglingslandsliðinu við skólahlið Alfred T. Mahan High School á Keflavíkurflugvelli. Leikur liðsins vakti óskipta athygli áhorfenda, en piltarnir sigrúðu með miklum yfirburðum, eða 69:19. Telja verður að piltarnir í unglingslandsliðinu hafi nú fengið svo staðgöða undirstöðupjálfun í körfuknattleik að þeir eigi að verða félögum sínum mikill styrkur í framtíðinni.

Polar Cup 1964.

Í reglugerð um Polar Cup keppnina eru ákvæði um að keppnin fari fram til skiptis hjá þátttökupjöðnum á tveggja ára fresti. Hinsvegar ræður það land sem sér um mótið hvenær á árinu það er haldið. Finnar,

sem eiga að sjá um Polar Cup 1964 hafa tilkynnt að mótið skuli haldið í Helsinki dagana 20-22 mars næstkomandi.

Stjórn KKÍ hefir þegar byrjað að undirbúa páttöku Íslands í þessari keppni. Valdir hafa verið 30 piltar til undirbúningsþjálfunar og samið við íþróttafélögin í Reykjavík um að þau láni sambandinu einræfingartíma í mánuði, hvort um sig. Útilokað reyndist að fá sérstakt húsnæði leigt undir landsliðsæfingar. Er það talandi tákna um ástandið í þessum málum í höfuðborginni.

Benedikt Jakobsson hefir tekið að sér að prekprófa piltana og annast prekæfingar. Það er orðið alltof algengt að íslenzkir íþróttamenn afsaki ósigra sína með því að þeir hafi ekki haft úthald á móts við mótherja sína. Það er engin minkun að tapa í heiðarlegri keppni, en það er léleg afsökun að maður hafi tapað vegna þess að maður hafi ekki nennt að æfa. Þess vegna vonar stjórn KKÍ að körfuknattleiksmenn leggi sig alla fram við prekæfingarnar í veturn.

Helgi Jóhannsson mun annast æfingar í leikaðferðum og knattmeðferð. Vonir standa til að hægt verði að koma væntanlegu landsliði í körfuknattleikskeppni á Keflavíkurflugvelli eftir áramótin og mundi sú reynsla koma liðinu að miklu gagni þegar til Finnlands kemur.

Undanrás Olympiuleikanna 1964.

Eins og flestum mun kunnugt, þá er körfuknattleikur Olympiufsþrótt. Tvö lið frá Evrópu öðlast rétt til páttöku í Olympiuleikunum í Tokyo næsta haust, eftir að hafa keppt í sérstöku úrtökumóti, sem fram fer í Genf í Svisslandi næsta vor. Fimm önnur lið frá Evrópu ganga beint inn í úrslitakeppnina í Tokyo, án sérstakrar undanrásar.

Stjórn KKÍ skrifaði Olympiunefnd Íslands í ágúst s.l., og óskaði upplýsinga um hvort OL-nefndin mundi vilja styrkja landslið í körfuknattleik til páttöku í þessum undanrásum í Sviss. Taldi stjórnin að íslenzkir körfuknattleiksmenn gætu lært mikið á þessari páttöku, þótt hinsvegar að engum komi til hugar að við hljóustum margar sigra í þeiri keppni.

Svar Olympiunefndar hefir borist nýlega og tekur nefndin þessari málaleitan KKÍ af vinsemd, en óskar frekari upplýsinga. Hefir stjórn KKÍ skrifað svissneska sambandinu og óskað upplýsinga um leiktíma, páttöku í ferðakostnaði og svo frv. Málið er ennþá á frumstigi og verður það hlutverk næstu stjórnar KKÍ að ákveða um páttöku.

Ráðstefna í Beyrut.

Magnús Björnsson bréfritari KKÍ, sótti hina árlegu ráðstefnu Evrópu- og Miðjarðarhafsdeildar FIBA, sem haldin var að þessu sinni í Beyrut í Líbanon. Tókst Magnús þessa ferð á hendur, KKÍ að kostnaðarlausu. Ennfremur var Magnús beðinn að vera sérstakur fulltrúi Finnlands á þessari ráðstefnu og reka erindi finnska sambandsins. Er petta ánægjulegur árangur þeirrar samvinnu körfuknattleikssambanda á Norðurlöndum, sem hófst með stofnun Körfuknattleiksráðs Norðurlanda í Stokkhólmi haustið 1962.

Mönnum kann að finnast í mikið ráðist, að sækja ráðstefnur í aðrar heimsálfur. En það hefir komið í ljós, að þau kynni, sem skapast á slíkum fundum reynast ómetanleg þegar að því kemur að hefja samskipti við þessar þjóðir í körfuknattleik.

Útbreiðslunefnd KKI hefir úthlutað körfuknöttum af gjöf Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna til eftirtalinna aðila.

Körfuknattleiksráð Akureyrar	4	knettir.
Körfuknattleiksdeild UMF Selfossi	1	-
UMS Skagafjarðar, Sauðárkrúki	2	-
Iþróttafélag Keflavíkurflugvallar	1	-
UMF Skallagrímur, Borgarnesi	2	-
UMS Snæfells og Hnappadalssýslu Stykkishólmur	1	-
Körfuknattleiksmenn, Grindavík	1	-
Samtals 12 knettir.		

Í útbræfnd eiga sæti: Halldór Sigurðsson form
Jón Otti Ólafsson og Davíð Helgason.

Gjafir gefnar kki á afinu.

Sveinn Björnsson kaupmaður í Reykjavík gaf sambandinu glæsilegan silfurbikar, sem verðlaunagrip í II. flokki karla á Íslandsmeistaramótinu.

Frá Körfuknattleiksambandi Frakklands, oddfáni
 - - Englands, -
 - - Austur-Pýskalands, -
 - - Svípjóðar, hestur útskorinn úr tré.
 - - Luxemburg, veggskjöldur úr postulíni.

Eftirtaldir aðilar haða verið heiðraðir með oddfána KKI á árinu; Körfuknattleikssambönd Frakklands, Luxemburg og Englands.

Herra Boisseau frá franska Körfuknattleikssambandinu; sem aðstoðaði unglingalandsliðið í París.

Körfuknattleikslið Alfred T. Mahan High School á Keflavíkurflugvelli.

Meistaramót Íslands í körfuknattleik.

Körfuknattleiksráð Reykjavíkur var falin framkvæmd á Meistaramóti Íslands í körfuknattleik árið 1963. Einar Bollason form. laganefndar K.K.I. sá um röðun dómara á leikina.

Pátttakaendur í mótinu voru frá eftirtöldum félögum:

ÍR, Ármann, KR, KFR, ÍS, öllum úr Reykjavík, ennfremur frá Fimleikafél. Björk Hafnarfirði, UMF Skallagrími í Borgarnesi og Héraðssambandinu Skarphéðinn úr Arnessýslu

Mótið fór vel fram og var einkum ánægjulegt að sjá þessi lið utan af landsbygðinni er tóku í fyrsta sinn þátt í Islandsmótinu.

Meistaraflokkur karla: Sigurvegari Íþróttafélag Reykjavíkur.

Úrslit einstakra leikja:

KR-ÍS 59-35, KFR-Ármann 47-60, ÍR-Á 74-44

ÍS-KFR 35-63, ÍS-Á. 44-51, ÍR-KR 57-54, ÍR-ÍS 68-27,

KR-KFR 52-66, ÍR-KFR 90-60, KR-Á. 41-61, ÍS-KFR

KR-Á. 57-61, ÍS-ÍR 24-83, ÍS-Á. 44-67, ÍR-Á. 71-48, ÍR-KR 81-53, KFR-Á. 58-79, KR-KFR 116-69, ÍS-KR 35-77, ÍR-KFR 108-43.

Stigatala KR gegn KFR mun vera vallarmet í körfuknattleik á Hálogalandi.

Meistaraflokkur kvenna: Sigurvegari ÍR.

ÍR-UMF Skallagrímur 29-19

1. flokkur karla: Sigurvegari Ármann.

Úrslit einstakra leikja:

KR-Ármann 40-72, UMFS-KR 43-46, UMFS-HSK 34-41

KR-HSK 64-57, UMFS-Á. 38-63, Á-HSK 74-41.

2. flokkur karla. Sigurvegari Knattspyrnufélag Reykjavíkur.

Úrslit einstakra leikja:

KFR-Ármann-b 17-35, KRb-Ab 17-28, KFR-Áa 20-68,
ÍR-KRb 85-32, KRa-Áa 67-39, KRb-KFR 43-28, ÍR-Áa 64-55,
KRb-Áa 33-38, KRa-Ab 43-27, ÍR-KFR KRa-KFR 75-10,
KRa-ÍR 48-44 ÍR-Ab 56-28.

2. flokkur kvenna. Sigurvegari Fimleikafélagið Björk, Hafnarfirði.

ÍR-Björk 12-14

3. flokkur drengja. Sigurvegari Íþróttafélag Reykjavíkur "A"-lið

4. flokkur drengja. Sigurvegari Íþróttafélag Reykjavíkur "A"-lið

Gunnar Gunnarsson: Frakklandsför íslenzka unglingslandsliðsins 1963

En. FE

Um hádegisbilið pann 13. sept., lögðu íslenzku piltarnir af stað frá Reykjavík, með flugvélinni Skýfaxa, og var fórinni heitið til Parísar en þar lá fyrir okkur að keppa fjóra leiki í einum af mörgum riðlum Evrópumótsins.

Veðrið var ágætt og ekki var skapið verra. Allir litu vongóðum augum til fararinnar. Eftirvæntingin var mikil og ekki taugaðstyrks farið að gæta, enda fullsnemmt.

Ferðin gekk vel til áfangastaðarins, að undanskildu leiðindatviki einu, sem fyrir kom á Lundúnaflugvelli. En þar urðu sex úr hópnum að vera eftir og bíða næstu ferðar yfir sundið til Parísar. Þetta stafaði af því að Air France flugfélagið var búið að selja þessi sæti okkar, þar sem við komum það seint til London.

A Orly flugvellinum í París tók á móti okkur formaður franska körfuknattleikssambandsins, ásamt herra Boisseau frá FFBB, en hann var íslenzka hópnum til aðstoðar á meðan á mótinu stóð.

Fyrstu nóttina dvöldum við á hótel, en strax næsta dag vorum við fluttir á Institute National des Sports, geysistóra Íþróttamiðstöð á fögrum stað í Vincenneskógi. Þarna dvöldum við, ásamt hinum liðunum, allan móttstímann. Komum við fyrstir aðkomuliðanna. Fengum við til af-

nota mörg rúmgöð og björt hefbergi, en þau voru ekki að sama skapi þrifaleg.

Pennan dag var dregið um leikjaröð í riðlinum. Fyrsti leikur okkar var ákveðinn mánudaginn 16. sept. gegn Luxemburg, annar leikurinn var gegn Frókkum daginn eftir, þriðji leikurinn miðvikud. 18. gegn Svíum, og síðasti leikurinn gegn Bretum föstud. Þann 20. Skyldum við sitja hjá fimmtudaginn 19. Það kom í ljós að frar höfðu hætt við keppnina á síðasta augnabliki, og enn fremur að Bretar voru alltaf skráðir í keppnina, en einhverra orsaka vegna var aldrei minnst á þá. Við vorum ánægðir með niðurröðun þessa, ekki sízt vegna þess, að lenda á móti liði í fyrsta leiknum, sem frekar gátu verið okkar jafningjar, heldur en t.d. Frakkar, sem voru næstum því fyrirfram búinir að vinna.

Luxemborgarar komu síðastir og ríkti svolítill eftirvænting hjá okkur að sjá þá. Það kom í ljós við nánari kynni, að þeir voru eina liðið, sem svipaði til okkar, hvað snerti líkamsstærð.

Eft var af kappi þarna á Institutinu, en á mánudag var æft í hinum umtalaða sal, þar sem kepnnin átti að fara fram. Urðum við fyrir talsverðum vonbrigðum með frágang á körfum, að öðru ólöstuðu.

Er líða tók á mánudagskvöldið fór að gæta taugaðstyrks hjá okkur, og eftirvæntingin jókst stöðugt. En er leikurinn hófst kom í ljós, að við vorum ekki einir um það að vera spenntir. Var leikurinn mjög jafn framanaf og var eins og bæði liðin væru að preifa fyrir sér um styrkleika hinna. Luxemborgararnir komust tveim stigum yfir í byrjun, en er líða tók á hálfleikinn, náðum við forskoti, sem við héldum allan leikinn og jukum heldur í síðari hálfleik. Lokatölurnar urðu 62:49 en í hálfleik stóð 29:20.

Fögnuður okkar var mikill að vonum yfir að vinna fyrsta leik mótsins. Dómararnir voru góðir, eins og í öllum hinum leikjunum, leyfðu að vísu meira heldur en íslenzku dómararnir, en ekki eins mikið og búið var við. Allan leikinn heyrðum við íslenzk hvatningarorð af áhorfendapöllunum og kom það skemmtilega á óvart, um leið og það var uppörfandi.

Næsta kvöld lékum við svo við Frakkana, sem nú sýndu sig fyrst, en þeir sátu hjá fyrsta kvöldið. Og það sýndi sig strax í byrjun leiks-

ins, hve mikla yfirburði peir höfðu. Peir voru stærri, hitnari og boltameðferðin var betri, svo eitthvað sé nefnt. Og 36 stiga forskot í 20 mín. hálfleik er ekki svo lítið, en staðan í hálfleik var 50:14. Það var nærrí því um einstefnu að ræða. En þegjandi var samkomulagið um að gefast ekki upp; að selja sig dýru verði, og með það efst í huga fórum við inná í síðari hálfleik. Ekki vantaði baráttuviljann, fór hann þar víst allur, því ekkert var eftir af honum í Svíaleiknum. Vorum við kannski fullágengir stundum við þá frösnku, en aldrei misstu dómararnir tökin á leiknum. En það var sama hvernig við börðumst, aldrei minkaði forskotið, það var kannski ergilegast. En þegar allt kom til alls eftir mótið, þá náðum við hæstu skorun af öllum liðunum, gegn Frökkum, Engu að síður lauk leiknum með yfirburðasigri Frakka 79:40 og í rauninni hafði ekkert liðanna að gera í hendurnar á þeim, ekki einusinni Svíar, eins og síðar kom í ljós. Bundu peir þó miklar vonir við lið sitt.

Gegn Svíum kvöldið eftir bættist annar ósigurinn við. Aldrei í öllum leiknum náðum við saman. Liðið var gjörsamlega sundurlaust og það var gjörsneytt allri baráttugleði. Var þetta of mikill sigur fyrir Svíana, sem blindaði þá að nokkru leyti gagnvart getu Frakkanna, því munurinn varð meiri enn á móti Frökkum 67:25 en í hálfleik var staðan 29:11. Vorum við nú orðnir breyttir, enda ekki neitt lífgandi að fá tvo tapleiki í röð.

Daginn eftir sáum við hjá og vorum hvíldinni fegnir. Notuðum við þá daginn til æfinga, ekki síður en hina dagana og þar sem við vorum búrir að sjá Bretana, þá var æfingin að sjálfsögðu miðuð við þá.

Loks kom úrslitakvöldið. Attum við fyrri leik. Bæði voru liðin taugaðstyrk, en við náðum góðum kafla í byrjun, sem nægði til 9 stiga forskots og var gleði mikil í okkar hópi. En sú gleði var skammvinn. Er líða tók á hálfleikinn tóku Bretar að saxa á forskotið, jöfnuðu, komust yfir og juku svo forskotið undir lok hálfleiksins svo að staðan í hálfleik var 29:22 þeim í hag. Strax í byrjun síðari hálfleiks bættu peir tveim stigum við, svo að útlitið var ekki sem bezt hjá okkur. En kannski hafa Bretarnir verið of öruggir og þá er ekki að sökum að spyrja. Enn á ný kom baráttu-viljinn í ljós hjá okkur og nú vorum það

við sem nörtuðum í þeirra forskot smátt og smátt, unnum það upp og byrjuðum svo að safna forða. Lauk leiknum með sigri okkar 63:53. Hrepptum við þar með þriðja sætið í riðlinum, sem við höfðum aldrei þorað að gera okkur vonir um.

Úrslitaleikurinn milli Frakka og Svífa var leikur kattarins við múnina eins og allir leikir Frakka voru. Fengu Svífar engu betri útreið en hin liðin, og þótti þeim það súrt í broti. Lauk þeim leik 68:34. Frakkar sigruðu því á mótinu, mjög verðskuldað. Þeir höfðu mikla yfirburði yfir öll hin liðin á öllum sviðum. Þeir halda því áfram í EM-keppninni, en úrslitaleikirnir verða leiknir á ítalífu næsta vor.

Aðrir leikir í mótinu fóru sem hér segir: England-Luxemburg 54:49 Frakkland-Luxemburg 80-28, Svíþjóð-Luxemburg 64-24, England-Svíþjóð 39:61, England-Frakkland 28:74.

Laugardaginn 21. sept. var mótinu slitið og kveðjusamsæti haldið. Voru margar ræður fluttar. Fyrir okkar hönd talaði Bogi fararstjóri. Voru franska körfuknattleikssambandinu færðar margar góðar gjafir. Tókum við síðan saman föggur okkar, því nú urðum við að sjá um uppihald sjálfir. Kvöddum við hin liðin og fararstjóra þeirra. Að skilnaði við herra Boisseau gáfum við honum oddfána KKÍ fyrir ómetanlega hjálp.

B. FRÍA Næstu two súlarhringa dvöldum við á sama hótelinu og við sváfum fyrstu nóttina. Höfðum við two daga fyrir okkur að skoða borgina, því enda þótt við hefðum þá þegar verið búinir að skoða margt, t.d. Sigurbogann, Eiffelturninn, dýragarðinn og fl., dugðu þeir helzt til skammt. Það þarf meiri tíma til að komast yfir að skoða slíka borg, sem svo auðug er af gömlum minjum. Skiptum við oftast hópnum. Skúli Sigfússson, ungar námsmaður, sem dvelur í París og var okkur mikil hjálp, var fyrir öðrum hópnum, en Bogi fararstjóri fyrir hinum. Komum við m.a. í listamannahverfið og létu þar margir teikna af sér myndir, bæði andlits- og skopmyndir. Og ekki fór næturlíff þessarar frægu borgar fram hjá okkur. Er að vonum margt öðruvísi, heldur en hér heima. Eitt af því fyrsta sem við kynntumst, sem við eigm ekki að venjast, er að sjálfsögðu neðanjarðarlestir, sem kölluð er Metrð. Höfðum við fyrst í stað gaman af að ferðast með henni, eins og gefur að skilja, en þar kom að okkur leiddist það, enda bæði þungt loft þar og hreinlæti ekki haft í hávegum, frekar en annarsstaðar í þessari borg. En nú eru þeir byrjaðir að þvo helztu byggingar t.d. Óperuna og borgarstjórahöllina.

Ekki vegsömuðu heldur allir franska matinn, sem á boðstólum var, fór kryddið í magann á sumum.

A þriðjudagsmorgunn þann 24. sept. var svo ferðinni haldið áfram til Hollands, en við dvöldum í Amsterdam í two daga, sem aðallega fóru til fatakaupa. En það fór ekki framhjá neinum, hvað Amsterdam er þríflegri borg en París. Þar gistum við á ólíkt skemmtilegra hótelri heldur en í París. Ýmislegt var gert til skemmtunar báða dagana.

Lokaáfangi ferðarinnar var svo flugið heim. Lögðum við af stað frá Amsterdam um morguninn 27. sept. og var flogið til Prestwick og ekið til Glasgow. Biðum við þar hálfan dag, eftir Viscount flugvél Flugfélagsins. Þar sáum við fyrst íslenzk blöð og var það mikil svölun.

Síðasti áfanginn gekk ekki síður vel en hinir. Allir vorum við í góðu skapi, eins og endranær, enda var eftirvæntingin eftir að komast heim, ekki minni heldur en áður eftir að komast út. Við höfðum aldrei þorað að gera okkur vonir um two sigra í þessari fyrstu unglingslandsliðsför, en um hitt var þegjandi samkomulag, eins og um svo margt, að koma fram sem verðugir fulltrúar Íslands á erlendum vettvangi.